

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Lindarfiskur ehf. Botnum, Meðallandi



Dags eftirlits	27.10.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Lindarfiskur ehf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Sigtún 6	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590509-0350	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Drífa Bjarnadóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö ný frávík komu fram í eftirlitinu sem varða, annars vegar að losun fosfórs í frárennsli var, árið 2021, meiri en heimilt er skv. starfsleyfi og hins vegar að grænu bókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma. Þrjár ábendingar voru gerðar: a) Tryggja þarf að skráningum sé skilað til Umhverfisstofnunar skv. starfsleyfi. b) Fara þarf yfir útreikninga á losun mengandi efna. c) Fylla þarf í skarð í bakka settjarnar.

### UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn vegna reglubundins eftirlits í fiskeldisstöð Lindarfisks ehf.

Lindarfiskur er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 6. júní 2019 og gildir til 6. júní 2035. Starfsleyfið heimilar framleiðslu á allt að 300 tonnum af bleikju á ári.

Frárennsli frá eldinu rennur um 450 m skurð en efsti hluti hans hefur verið breikkaður og virkar sem settjörn. Útrás frá fiskeldinu rennur í Eldvatn um 500 m neðan fiskeldisstöðvarinnar.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Skráningar og skil á gögnum skv. starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Engin frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram.

Ársframleiðsla árið 2021 var innan við 20% af heimiluðu magni skv. starfsleyfi.

- Skráningar og skil á gögnum skv. starfsleyfi

Farið var yfir hvaða gögnum ber að skila til Umhverfisstofnunar skv. gr. 4.4 og 4.5 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma en hefur nú verið skilað og frávíki þar að lútandi var lokað með bréfi dags. 18. ágúst sl.

Ýmis önnur gögn sem ber að skila skv. gr. 4.4 í starfsleyfi, hafa ekki borist Umhverfisstofnun.

Rekstraraðila er bent á að fara yfir útreikninga á losun mengandi efna í grænu bókhaldi og tryggja að réttar upplýsingar berist Umhverfisstofnun fyrir 1. maí ár hvert, fyrir undangengið ár. Magn fosfórs er skv. útreikningum Umhverfisstofnunar, yfir leyfilegum mörkum sem tilgreind eru í starfsleyfi.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.

- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta skv. 67. gr. laga nr. 7/1998.

- Önnur mál

Rekstraraðili sér um sorpmál stöðvarinnar og kemur öllum úrgangi í viðeigandi ferli.

Engin lyf eru notuð við fiskeldið en formalín og Virkon eru notuð til að halda sníkjudýrum í skefjum.

Engin olíugeymar eru í stöðinni.

## 6. Skoðunarferð

Gengið var um lóð eldisstöðvarinnar. Í stöðinni eru bæði eldri ker og nýrri steipt ker sem mögulegt er að fjölga ef framleiðsla stöðvarinnar verður aukin eins og heimilt er skv. starfsleyfi.

Ekki hafa verið sett net yfir eldiskerin, en ábendingar þess efnis komu fram í eftirlitum árin 2020 og 2021. Nú eru skv. rekstraraðila, uppi áform um að tjalda yfir kerin.

Skarð hefur komið í bakka lækjarins sem frárennsli rennur í. Þar sem lækurinn er einnig settjörn fyrir fiskeldið er starfsleyfishafa bent á að fylla í skarðið til að tryggja sem besta hreinsun á frárennslinu.

### Frávik frá

### Lýsing á frávik

gr. 3.4 og 4.3. í starfsleyfi

Reikna skal losun fosfórs út frá innihaldi fódurs og upptöku næringarefna og má hún ekki vera meiri en 9,0 kg/tonn af framleiddum fiski. Samkvæmt útreikningum UST var losunin að lágmarki 11,5 kg/tonn af framleiddum fiski.

gr. 4.5 í starfsleyfi og 11. gr. reglugerðar nr. Grænu bókhaldi, sem skila á fyrir 1. maí ár hvert var ekki skilað á 851/2002 um grænt bókhald tilskildum tíma.



## ÁBENDINGAR

Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- a) Rekstraraðila er bent á að fara yfir hvað á að koma fram í ársyfirliti sem ber að skila Umhverfisstofnun, skv. gr. 4.4 í starfsleyfi.
- b) Fara þarf yfir útreikninga á losun mengandi efna og tryggja að réttar upplýsingar séu sendar Umhverfisstofnun
- c) Fylla þarf í skarð á settjörn til að tryggja sem besta hreinsun á frárennslinu.

## ANNAÐ

Rekstraraðili er hvattur til að kanna hvort starfsemi stöðvarinnar sé öll innan þess svæðis sem skipulagt hefur verið fyrir fiskeldi.


Rekstraraðili er minntur á að á næsta ári (2023) skal mæla TOC/COD/BOD<sub>5</sub> og svifagnir í frárennslu skv. gr. 4.3 í starfsleyfi.

Rekstraraðili er einnig minntur á að skv. starfsleyfi skal hreinsa settjörn með fullnægjandi hætti á þriggja ára fresti og skal hreinsun fara fram fyrir 15. maí.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.12.2022



Freyr A. Evarsson

